



Reykjavík, 13. ágúst 2018

VEL2018080004

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 REYKJAVÍK

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um heimahjúkrun - R16010088

Þann 31. júlí 2018 var lögð fram í borgarráði svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

„Reykjavíkurborg og Sjúkratryggingar Íslands gerðu mér sér samning árið 2016 um rekstur og framkvæmd heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu. Samningurinn felur í sér að Reykjavíkurborg reki heimahjúkrun sem samþætt er með rekstri félagslegrar heimaþjónustu í Reykjavík. Nú hafa fregnir borist af því að ástandið sé orðið það alvarlegt að útskriftir af sjúkrahúsum teffist vikum saman vegna þjónustuskerðingar og skorti á heimahjúkrun. Þannig má leiða líkum að því að Reykjavíkurborg sé að brjóta ákvæði samningsins enda kemur fram á vefsvæði velferðarsviðs um framkvæmd þjónustunnar að þjónusta hefjist innan tveggja til þriggja daga eftir að beiðni liggur fyrir. Staðan er hinsvegar sú að fólk sem er tilbúið til útskriftar á sjúkrahúsum kemst ekki heim til sín. Eðli málsins skv. leiðir þetta til aukins kostnaðar, lengri biðtíma eftir innlögnum og mikilla óþæginda fyrir þá sem eru tilbúnir til útskriftar. Með hliðsjón af þessum staðreyndum er óskað eftir að málið verði tekið upp á næsta fundi borgarráðs og kallaðir verði til fundarins heilbrigðisráðherra og forstöðumaður Sjúkratrygginga. Þá er óskað svara við því til hvaða ráðstafana Reykjavíkurborg hefur gripið til í því skyni að leysa þennan vanda? Rétt er að fara fram á að svar við spurningu þessari liggi fyrir á næsta fundi borgarráðs enda rétt að kynna ráðherra og forstöðumanni Sjúkratrygginga stöðu mála með gagnsæjum hætti.“

Svar:

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur séð um rekstur heimahjúkrunar í Reykjavík frá 1. janúar 2009, fyrst skv. samningi við heilbrigðisráðuneytið og síðar skv. samningi við Sjúkratryggingar Íslands. Síðarnefndi samningurinn tók gildi 1. janúar 2016 og gildir til 31. desember 2019. Með samningnum fylgdi önnur útgáfa kröfulýsingar fyrir heimahjúkrun í Reykjavík sem tók gildi árið 2012. Eitt af aðalmarkmiðum samningsins var að samþætta þjónustu heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu, íbúum Reykjavíkur til hagsbóta. Með þeirri tilhögun voru auknir möguleikar á að finna út rétt þjónustustig fyrir íbúana og að framfylgja þeirri þjónustu á viðeigandi hátt.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á heimahjúkrun í Reykjavík og á Seltjarnarnesi. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar ber auk þess ábyrgð á næturþjónustu fyrir allt höfuðborgarsvæðið sem og heimahjúkrun um kvöld og helgar í Mosfellsbæ í samstarfi við Heilsugæsluna í Mosfellsbæ. Ábyrgðin felur í sér áætlanagerð ásamt veitingu og reksturs þjónustunnar.

Alls voru stöðugildi heimahjúkrunar, þann 1. janúar 2018, 116 þar af 70 sjúkraliðar og 35 hjúkrunarfræðingar. Fjöldi skjólstæðinga heimahjúkrunar á árinu 2017 voru 2.357 einstaklingar. Að meðaltali voru um 950 – 1000 skjólstæðingar með þjónustu hverju sinni.

Í fyrirspurn kemur fram að.. „útskriftir af sjúkrahúsum tefjist vikum saman..“ og að ..“ leiða má líkum að því að Reykjavíkurborg sé að brjóta ákvæði samningsins enda kemur fram á vefsvæði velferðarsviðs um framkvæmd þjónustunnar að þjónusta hefjist innan tveggja til þriggja daga eftir að beiðni liggur fyrir“.

Í fyrrgreindri kröfúlýsingu fyrir heimahjúkrun í Reykjavík, kemur fram, um innskráningu einstaklinga í þjónustu, að taka skuli við beiðnum um rafræna gátt frá LSH með bréfaþósti og á faxi og hefja þjónustu innan 24 – 72 klukkustunda frá því beiðni berst ef um er að ræða beiðni án fyrirvara, þ.e. ef ekki kemur fram í beiðninni ósk um að hefja þjónustu síðar. Þá kemur jafnframt fram í kröfúlýsingunni að kanna skuli a.m.k. tvisvar á ári hver meðalviðbragðstíminn er og hvort afgreiðsla einhverra beiðna hefði ekki staðist kröfur. Niðurstaðan skal birt í ársskýrslu. Niðurstaða úttektar á síðasta ári sýnir að langoftast var staðið við þau tímamörk, sjá töflu hér að neðan.

Þjónusta hefst	Fjöldi skjólstæðinga fyrstu viku í mars	Fjöldi skjólstæðinga fyrstu viku í september
Samdægurs	4	2
Einum degi síðar	0	0
Tveim dögum síðar	2	2
Þrem dögum síðar	1	1
Fjórum dögum síðar	0	0
Fimm dögum síðar	0	1
Seinna en fimm dögum síðar	0	2
Þurfti ekki fyrir en síðar	5	5
Afþakka þjónustu	0	0
Samtals:	12	13

Yfir sumarmánuði síðustu ára hefur ekki verið unnt að tryggja að staðið sé við fyrrgreind tímamörk. Ákveðnar ástæður liggja þar að baki. Annars vegar er skortur á fjármagni í samningi við ríkið til að mönnun á sumrin sé með sama hætti og yfir vetramánuði. Hins vegar hafa verið verulegir erfiðleikar síðustu sumur við að manna stöður hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða í þær sumarafleysingastöður sem eru til umráða. Hluteigandi aðilar þ.e. Sjúkratryggingar Íslands, heilbrigðishluti velferðarráðuneytis og Landspítali sem eiga um 80% þeirra beiðna sem berast um heimahjúkrun, eru upplýstir um stöðu mála bæði með tölvupóstum og einnig á samráðsfundum velferðarsviðs og Sjúkratrygginga Íslands sem og velferðarsviðs og Landspítala.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar tekur undir það sem fram kemur í fyrirspurn að *“Eðli málsins skv. leiðir þetta til aukins kostnaðar, lengri biðtíma eftir innlögnum og mikilla óþæginda fyrir þá sem eru tilbúnir til útskriftar.”* og hefur ítrekað þessar áhyggjur við Sjúkratryggingar Íslands. Velferðarsvið er í góðri samvinnu við Landspítala sem m.a. hefur skilað sér í þróunarverkefnum sem stuðla að betri þjónustu til fjölveikra aldraða og þeirra sem bíða eftir hjúkrunarrýmum og einnig verkefnum sem geta verið fyrirbyggjandi fyrir tíðar innlagnir aldraða á Landspítala.


Í lok fyrirspurnar er óskað „*svara við því til hvaða ráðstafana Reykjavíkurborg hefur gripið til í því skyni að leysa þennan vanda?*“

Eins og fram hefur komið er vandinn tvíþættur, annars vegar skortur á fjármagni í samningi til þess að fjármagna núverandi stöðugildi og til að fjölga almennum stöðugildum í heimahjúkrun og hins vegar sá raunveruleiki sem blasir við heilbrigðiskerfinu í dag, þ.e. erfiðleikar við að ráða heilbrigðisstarfsfólk. Við fyrrgreinda vandanum hefur verið brugðist við með fundum og greinargerðum til Sjúkratrygginga Íslands þar sem meðal annars er vitnað í grein 10.02 í þjónustusamningi sem segir að *„telji samningsaðilar að forsendur samningsins hafi breyst verulega skuli þeir taka upp viðræður um endurskoðun á einstaka ákvæðum hans eða kröfum“*. Samningsaðilar hafa átt fundi til að fara yfir rekstur og er þeim fundum fylgt eftir með greinargerðum og minnisblöðum.

Þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til, til að leysa hinn síðargreinda hluta vandans, þ.e. skort á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum til sumarafleysinga eru margþættar. Velferðarsvið fór í mikla vinnu við að byggja upp ímynd starfseminnar til að laða að starfsfólk í hin ýmsu umönnunarstörf, m.a. heimaþjónustu/hjúkrun og einnig hafa nýjar leiðir verið farnar til að auglýsa eftir starfsfólki. Í vor þegar ljóst var að ekki hefði tekist að ráða nægilega marga til starfa yfir sumarmánuðina til þess að mæta þörf fyrir þjónustu nýrra beiðna var Landspítalinn upplýstur um það og jafnframt að hver einasta beiðni sem kæmi frá þeim yrði yfirfarin og forgangsraðað yrði inn í þjónustuna. Auk þess var farið yfir alla þá sem þegar voru í þjónustu heimahjúkrunar og kannað hvort möguleiki væri á að færa þjónustu yfir til félagslegrar heimaþjónustu án þess að öryggi sjúklings yrði ógnað. Rétt er að taka fram að heimahjúkrun er rekin út frá þremur starfsstöðum í borginni og bið eftir þjónustu nýrra beiðna er ekki sú sama milli hverfa. Þannig er nánast engin biðlisti eftir þjónustu í Efri byggð (Árbær, Breiðholt, Grafarholt, Grafarvogur) eins og er en staðan er þyngst í Miðbyggð (Laugardalur og Háaleiti).

Í dag, 13. ágúst, er starfsólk að hefja störf á ný eftir sumarfrí og þjónustan að komast í fyrra horf. Vinna er hafin við að fara yfir biðlista og forgangsraða svo unnt sé að vinna þá með skilvirkum hætti. Í Miðbyggð mun það þó dragast, að þjónustan verði óskert, vegna veikinda og uppsagna starfsmanna.

Virðingarfyllst,



Regína Ásvaldsdóttir,
sviðsstjóri